

171. Héraðsráðsfundur haldinn í Hveragerði 17. ágúst 2011, kl. 13.00.

Mættir: Gunnar Þorgeirsson formaður, Aldís Hafsteinsdótti, v.form. og Ari B Thorarensen, ritari.

1. Haustfundur Héraðsnefndar: staðsetning og tímasetning.

Héraðsráð samþykkir að haustfundur Héraðsnefndar verði haldinn að Hótel Hengli 20-21 okt. nk.

2. Málefni Alviðru.

Formaður hefur átt í viðræðum við formann Landverndar vegna Alviðru og er fundur fyrirhugaður með stjórn Landverndar þann 12.okt.

3. Málefni FSU.

Á vofundi Héraðsnefndar var ákveðið að greiða sveitarfélögunum til baka inneign sína í byggingarsjóð vegna verknámshúss þann 1 júlí.

Í ljósi beiðnar frá stjórnendum FSu samþykkir héraðsráð að fresta útborgun sjóðsins til 31.desember 2011. Hætt verður við útborgunina verði verknámshúsið komið á fjárlög þá.

4. Fulltrúar í endurskoðunarnefnd um fjallskil.

Eftirfarandi aðilar hafa verið tilnefndir í nefnd um endurskoðun á reglugerðar um fjallskil: Ari B Thorarensen, Afréttarmálafélagi flóa og skeiða, Lilja Loftsdóttir, Skeið. og Gnúp., Bjarni V Guðmundsson, Hrunamannahreppi, Eiríkur Jónsson, Bláskógabyggð og Hörður Óli Guðmundsson, Grímsnes og Grafningshreppi.

5. Tjónamál Byggðasafnsins.

Nefnd um tjónabætur vegna hús Byggðasafnsins við Nesbrú hefur ákveðið að taka mati Viðlagatryggingar um bætur. Safnstjóra var falið að

ganga frá málinu, greiða upp lán og koma á nauðsynlegum endurbótum.

6. Önnur mál.

Ekkert rætt.

Fundi slitið kl.14.10.